

86
25. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um notkun Krossavíkur við Hellissand.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun vikurinnar eru þessi:

A. Bátagjald.

Vélbátar: Fyrir vetrarvertíð 12 kr. af rúmlest.

— vorvertíð 10 kr. af rúmlest.

— sumarvertíð 7 kr. af rúmlest.

— haustvertíð 6 kr. af rúmlest.

Fyrir vélbát, sem er allt árið, 25 kr. af rúmlest.

Fyrir aðkomubáta í eitt skipti eða oftár, hafi báturinn ekki fast aðsetur, 3 krónur í hvert skipti að 8 rúmlesta stærð, en fyrir stærri báta 5 krónur.

Fyrir róðrabáta yfir hverja vertíð 15 krónur.

Fyrir uppskipunarbáta yfir árið 30 kr.

Fyrir vélbáta, sem ekki eru í notkun og ekki greiða gjald samkvæmt fyrrtöldu:

Fyrir að leggja upp vélbát til aðgerðar 20 krónur.

Fyrir að geyma vélbát á þurru landi 20 krónur.

Bátagjöld þessi greiðast hvort heldur bátarnir nota vikina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, er greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar.

B. Vörugjald.

Af vörum, sem fluttar eru í land í Hellissandskaupþúni eða skipað þaðan út, skal greiða gjald sem hér segir:

1. Af salti kr. 2.50 af hverri smálest.

2. — kolum og sementi kr. 2.00 af hverri smálest.

3. — óverkuðum saltfiski kr. 2.50 af hverri smálest.

4. — verkuðum saltfiski kr. 3.25 af hverri smálest.

5. — fiskbeinum kr. 2.50 af hverri smálest.

6. — oliutunnum, fisktunnum, sildartunnum, kjöttunnum, lýsistunnum 75 aurar af hverri tunnu.

7. — trjávið og öðrum vörum sem reiknast eftir rúmmáli 5 aurar af hverju teningsfeti minnsta gjald.

8. — öllum öðrum vörum 30 aurar af hverjum 100 kr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa eða farmskirteinum þegar um slík skjöl er að ræða og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farmskrám yfir vörur, er skipað er upp eða út á verzlunarlóð Hellissandskaupþúns innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipsins.

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, 86
unz gjaldið er greitt. 25. júlí

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember
1917, til að öðlast gildi 1. ágúst 1935 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.


Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um merkingu á frystu kjöti til útflutnings.

87
25. júlí



(Fyrirmynd að merkingu á frystu kjöti til útflutnings).

Allt fryst kjöt, sem flytja á héðan af landi til Stóra-Bretlands, Danmerk-
ur og Svíþjóðar, skal merkt sem hér segir:

Hver skrokkur skal merktur með orðinu Iceland á bæði læri, á báðar síður
ofantil framan við spjaldhrygg og á bæði herðablöð, alls þrjú merki á hvora
hlið skrokksins. Skal æðgætt að stimpla skrokkinn nákvæmlega þar sem fyrir-
myndin hér að ofan sýnir.

Í kjötstimplana sé notaður fjólublár litur (gentiana violet).

Allt fryst kjöt, sem flutt er til ofanefndra landa, skal metið af löggiltum
matsmönnum og skoðað af löggiltum kjötskoðunarlæknum, og skulu hverri
kjötsendingu fylgja vottorð um mat og læknisskoðun, samkvæmt ákvæðum
laga nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. Að öðru leyti fer um alla meðferð
kjötsins og geymslu samkvæmt ákvæðum ofanefndra laga og samkvæmt á-
kvæðum fyrirmæla 27. júlí 1933 um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl., svo og